

Þetta gerum við

Rétt þykir að vekja athygli á, að í eystri og vestari gangi Kjarvalsstaða stendur nú yfir myndlistarsýning barna á dagvistarheimilum höfuðborgarsvæðisins.

Stöðugt fleirum verður það ljóst, að myndlist barna er stórmerkilegt fyrirbæri, og að iðkun myndmenntar á öllum skólastigum hefur ómælda uppeldislega þýðingu.


Er börn hafa tekið þeim mestu framförum, sem mannskepnan gengur í gegnum á lífsleiðinni, sem er fyrsta árið, er næmi þeirra gagnvart umhverfinu orðið ótrúlega mikið, og nú vakna með þeim skynræni og skapandi hæfileikar, sem þroskast og dafna, allt þar til barnið lærir að lesa. Þessir skynrænu

hæfileikar eru eitt það mikilvægasta, sem náttúran gefur manningum og þróast miklu lengur hjá frumstæðum þjóðflokkum en í hinum „siðmenntaða“ heimi, og er hér einfaldlega um að ræða tilfinninguna fyrir sköpunarverkinu og náttúrunni allt um kring. Virðingin fyrir náttúrunni og dulmögnum hennar er þannig ólft meiri hjá þeim fyrrnefndu og um leið tilfinningin fyrir því að ekki megi taka meira frá henni en menn geti gefið til baka. Eins og ég hefi iðulega bent á, þá lagði Platon mikla áherslu á þýðingu þess að „ala upp í list“ — hann var þar trúlega að benda á það að ekki mætti gleyma hinum skapandi atriðum og að þróa þrjúsvitið, — sem er svipað því sem Rabelais sagði löngu seinna, að börn væru eldur, sem ætti að tendra, en ekki skálar til að hella í. En nútíma kennsla minnir því miður alltof oft á svissneskar gæsir, sem trekt er rekin ofan í og fóðurlöndunni síðan helli í eftir kúnstarrinnar reglum, til að þær megi gildna sem mest. Það er mjög ánægjulegt að vita til þess að myndmennt skuli vera jafn ríkur þáttur í leikjum og störfum barna á dagvistarheimilum borgarinnar og fram kemur á sýningunni á Kjarvalsstöðum og vissulega má sjá þar margan góðan hlut. En sjálfsgagt hefði verið hægt að gera sýninguna betur úr garði, hafa hana markvissari, því að satt að segja gætir sums staðar ofhlæðis.

Veigurinn í sýningunni er hin skynræna dýpt í pensilskrift og vinnu barna, sem víða á sér fagur-

lega stað, en það er einmitt þetta, sem allir góðir listamenn eru að reyna að tileinka sér og er í raun kjarninn í allri óformlegri (informel) list, sem ennþá á sterk ftök hjá mörgum núlistamanningum. Ein grein hennar, sem er einmitt hin hreina, skynræna pensilskrift, úr-eldist aldrei í málverki.

Í gegnum útrás tjáparfarinnar lærir barnið meira um lífið í kringum sig en mögulegt er að halda að því með útskýringum, því að kjarni lífsins er að uppgötva og upplifa og sá hæfileiki er allri lestrarkunnáttu og í raun allri menntun æðri . . .



Mikið við lítið

Tvær andstæður eru áberandi þættir í allri myndlist, sem eru mikið við lítið, eða stórt á móti smáu — þetta sem útlendir nefna makrokosmos á móti mikrokosmos, eða öfugt.

Þessi atriði hljóta að koma upp í hugann við skoðun sýningar Sigrúnar Eldjárns á Kjarvalsstöðum, en þar hefur hún hengt upp 32 nýlegar olíumyndir í hálfum vestursal.

Olíumálverk eftir Sigrúnu Eldjárni er nú eitthvað alveg spánýtt og óþekkt, því að hingað til hefur hún verið þekkt fyrir grafík sína og bókalýsingar. Í grafík er hún vafalaust brautryðjandi um notkun hinnar vandmeðfögnu tækni

„mezzotintu“ hérlendis, í öllu falli veit ég ekki um neinn hérlendan listamann, sem hefur unnið jafn margar myndir og áleiðið í tækninni.

Málverk Sigrúnar einkennast af fyrirferðarmiklum landslagsformum, eða formum sem greinilega eru sótt í landslagið og þá einkum hamra, klettadranga, og bergmyndanir. Á móti þessum ábúðarmiklu formum teflir hún svo agnarsmáum mannverum, sem annað tveggja standa uppi á klettabrúnunum eða svífa í rýminu. Til að binda þetta og skapa tilfinningu fyrir jafnvægi og fjarlægðum bætir hún við línur, er skera myndflötinn, beinum láréttum og lóðréttum línur, iðulega skáhöllum svo og bogalínum.

Þessi leikur er í hæsta máta áhugaverður, þegar listakonunni tekst best upp, svo sem í hinum stóru myndum „Drangar“ (9) og „Höfði“ (11) og litlu myndunum „Klif“ (18) og „Brún“ (19), en þessar myndir sannfæra mig meira en aðrar um, að Sigrún eigi erindi inn á svið málverksins.

Hins vegar er ekki að neita, að myndirnar eru nokkuð eintóna og litirnir á tíðum full föllir, en hér bíður Sigrúnar einmitt heilmikið rannsóknarsvið, haldi hún áfram á þessari braut.

Þessar myndir opinbera ríka tilfinningu fyrir mannlífni og náttúrunni, jafnframt því sem í þeim er heimspekilegur undirtónn.



Haustlaukar

NIÐUR FYRIR VETURINN

Nú fer hver að verða síðastur að setja niður haustlaukana. Eigum ennþá gott úrval af túlipönnum, páskaliljum, krókusum og ýmsum harðgerum smálaukum.

Við minnum á magntilboðin vinsælu:

MAGNTILBOÐ

50 stk. túlipanar kr. 575

36 stk. krókusar kr. 575

Líka í Kringlunni

Blómaval

Gróðurhúsinu v/Sigtún Sími: 68 90 70

Ný sending

komin af þessum vinsælu leirpottum.

Handunnir pottar og skálar í mörgum stærðum og gerðum.

